



Fundargerð 21. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 22. október 2015, kl. 9:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Róbert Ragnarsson, Berglind Kristinsdóttir, Ásgeir Eiríksson, Johan D Jónsson, Laufey Kristjánsdóttir, Kristín Vala Matthíasdóttir, Guðjón Þ. Kristjánsson, Hjálmar Árnason, Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri) og Þuríður Halldóra Aradóttir (Markaðsstofa Reykjanes).

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Róbert Ragnarsson kosinn formaður stjórnar, Johan D Jónsson ritari og Berglind Kristinsdóttir gjaldkeri.

2. Kosning endurskoðenda

Samþykkt var á aðalfundi 18. september sl. að fela stjórn að taka ákvörðun um endurskoðendur á grundvelli útboðs. Samþykkt að taka tilboði Íslenskra endurskoðenda í endurskoðun reikninga.

3. Starfs- og fjárhagsáætlun 2016

Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 samþykkt.

4. Umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða

Ákvörðun stjórnar sem tekin var með tölvupósti um umsóknir í framkvæmdasjóð ferðamannastaða staðfest. Um er að ræða umsóknir er snúa að uppbyggingu við Brimketil og bilastæði við Reykjanesvita.

5. Tillaga að deiliskipulagi fyrir Reykjanesvita og nágrenni

Á fundinn mætti Friða Björg Eðvarsdóttir frá VSÓ og kynnti tillögu að deiliskipulagi fyrir Reykjanesvita og nágrenni.

6. Kynning á sjálfvirkri gjalddöku á ferðamannastöðum

Frestað til næsta fundar.

7. Kynning á Wapp

Á fundinn mætti Einar Skúlason og kynnti smáforritið Wapp sem ætlað er til útvistar.

8. Landvarsla á Reykjaneskaga

Stjórn Reykjanes Geopark telur brynt að efla landvörslu á Reykjaneskaga. Samkvæmt tölum Ferðamálastofu ferðast um 40% erlendra gesta um svæðið yfir sumartímamann en 50% þeirra yfir vetrarmánuðina. Stöðug aukning hefur verið á fjölda gesta á svæðinu, gistináttum hefur fjölgað undanfarin tvö ár, meðal gistináttafjöldi hefur aukist og hvergi er minni árstíðarsveifla í rekstri ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni.

Stöðugur straumur ferðamanna allt árið um kring hefur gert það að verkum að aukið álag er á viðkvæmum svæðum. Mörg svæði eru viðkvæm frá náttúrunnar hendi og þola illa aukið álag verði ekkert að gert,



sérstalega yfir vetrartímann. Þannig er Reykjanes fólkvangur t.d. á rauðum lista Umhverfisstofnunar yfir ástand friðlýstra svæða, en utanvegaakstur er mikið vandamál allt árið um kring á þessu svæði.

Sveitarfélög og hagaðilar hafa, á vegum Reykjanes Geopark, samþykkt að ráðast í metnaðarfull verkefni á næstu árum á nokkrum af þeim svæðum sem eru undir miklu álagi fyrir allt að 300 milljónir króna. Þá stendur til að auka fræðslu og bæta úr merkingum. Í ljósi alvarleika málsins fer stjórnin fram á það við Alþingi að heimild fáiast á fjárlögum til að ráða landvörð á Reykjanesskaga í heilsárs stöðu rétt eins og í öðrum landshlutum. Áætlaður kostnaður við verkefnið er um 12 milljónir á ári. Reykjanes Geopark, Reykjanesfólkvangur og Umhverfisstofnun hafa lýst yfir vilja til samstarfs um verkefnið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.

Fundargerð ritaði: ESJ